

Opinn skógur að Fossá í Hvalfirði, 27. ágúst 2011.

Ágæti ráðherra, Ögmundur Jónasson, frú Vigdís Finnbogadóttir, félagar í Fossárfélaginu og góðir gestir.

Skógræktarfélag Íslands og skógræktarfélag Fossár fagna því hér í dag að opna skóginn á Fossá fyrir almenning undir merkjum verkefnisins „Opinn skógur“.

Verkefnið er dyggilega stutt af Arion banka og Skeljungu. Er þeim sem og öðrum sem koma hér myndarlega að verki færðar góðar kveðjur og þakkir. Skógurinn á Fossá er 12. skógurinn sem nú er opnaður undir merkjum Opinna skóga og hefur verið lögð á það áhersla að skógarsvæðin séu í alfararleið og sem víðast um land. Með útgáfu skógarkortsins sem Skógræktarfélag Íslands gaf út í sumar í samstarfi við Arion banka er ennfremur að finna fjölmörg önnur skógarsvæði sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja á ferð sinni um landið.

Við njótum einstakrar náttúruvegurðar hér í Hvalfirði og sú hlýja umgjörð sem skógurinn veitir er gott mótvægi við stórbrotið landslag fjarðarins.

Björgvin á Fossá, einn eftirminnanlegasti Kjósverjinn sem uppi var á 20. öldinni, var framsýnn þegar hann kaus að selja skógræktarfélagum jörðina árið 1972, sem binda nú eignarhaldið á Fossá, í Fossá –skógræktarfélagi.

Björgvin var mikill dýravinur og fjárglöggur með afbrigðum. Kindur voru honum hugleiknar en þegar farið var að gróðursetja tré fékk Björgvin vaxandi áhuga á að vel tækist til með ræktunina. Ég átti þess kost að kynnast nokkuð Björgvin á Fossá á þeim tíma sem hann heimsótti okkur hjá Hval hf., en um árabil keypti Hvalur hf. af honum egg. Á hátíðarstundum sem þessari er vert að horfa til baka til þeirra sem gengu hér um garða og gera okkur kleift að byggja upp sælureiti sem nýtast munu fjölmörgum um ókomna tíð. Listmálarinn Baltasar Samper gerði málverk af Björgvin sem gerir minningu þessa öðlings frá Fossá, ódauðlega. Ég rakst á skemmtileg skrif um samskipti manna í Kjósarrétt, en þar er ritað: Þeir sem nú lifa og muna Björgvin, minnst hans sennilega best úr Kjósarrétt við fjárrag og orðaskiptum hans við þá Hjört á Eyri, Guðmund á Möðruvöllum og ekki síst við bróður sinn Hannes í Hækingsdal, sem gegndi stöðu réttarstjóra. Voru þau orðaskipti glannaleg á köflum, enda hætti mönnum til að vökna innanbrjóstis á hátíðisdegi sem réttardagurinn var og tungan því laus í tannlausum gómnum.

Ágætu félagar í Fossárfélaginu. Stjórn Skógræktarfélagst Íslands færir ykkur góðar kveðjur og þakkir fyrir ykkar góða framlag til skógræktar í landinu. Megi skógurinn hér á Fossá vaxa og dafna og veita ungum og öldnum friðsæld og hugarró.

Magnús Gunnarsson,
Formaður Skógræktarfélags Íslands.